

Skipulags- og byggingarfulltrúi
Rangárþing ytra
Suðurlandsvegur 1-3
850 Hella



Reykjavík 28. nóvember 2016
UST201610-233/K.S.J.
10.04.03

Efni: Rangárþing ytra. Tillaga að deiliskipulagi frístundalóða að Hjallanesi 1

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings ytra er barst 31. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi þriggja frístundalóða að Hjallanesi 1.

Skipulagssvæði


Ofangreint skipulagssvæði er í Hjallanesi 1 og er 5,1 ha að stærð. Áætlaðar eru 3 lóðir á svæðið.


Frístundabyggð

Umhverfisstofnun bendir á að í ofangreindu skipulagi er gert ráð fyrir að lóðir liggi dreift um svæðið. Einnig bendir stofnunin á að frístundalóðirnar standa hærra en nærliggjandi byggð. Að mati stofnunarinnar eru sjónræn áhrif frístundasvæðisins meir en ella vegna dreifingu lóða og vegna þess hve hátt svæðið er þar sem þær eru áætlaðar.

Einnig bendir Umhverfisstofnun á að í landsskipulagsstefnu kemur eftirfarandi fram: „Við skipulag frístundabyggðar verði almennt miðað að afmörkuðum en samfelldum frístundabyggðasvæðum.“ Umhverfisstofnun bendir á að auk ofangreindra þriggja lóða eru tvær frístundalóðir í nágrenni þeirra og færi betur á að allar frístundalóðir á svæðinu væru áætlaðar samfelldar í frístundabyggð.

Virðingarfyllt


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur